



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 23.4. '19

Úrskurður aganefndar 23. apríl 2019

Eftirtalið mál lá fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Atli Ævar Ingólfsson leikmaður Selfoss hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik ÍR og Selfoss í mfl. ka. þann 22.4.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar. Leikmaðurinn hefur nú hlotið tvær útilokanir vegna brota sem falla annars vegar undir reglu 8.5 og hins vegar reglu 8.6.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 25. apríl 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

